

Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1383
komudagur 20.3.2009

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. mars 2009
Tilvísun: 200903-0016

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 410 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 410 mál.

Vegna breytinga á gengi og aukinnar verðbólgu eftir hrun bankakerfisins, hefur vaxtabyrði heimilanna vaxið mikið. Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við heimilin í þessari erfiðu stöðu með því að hækka upphæð vaxtabóta og hámarksupphæð greiddra vaxta sem nýtast við útreikning vaxtabóta um 25%.

Alþýðusamband Íslands fagnar frumvarpinu og mælir með því að það verði samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 136/1292
komudagur 18. 3. 2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2009

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, þskj. 695 - 410. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, um hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta. Breytingin felur í sér afturvirka hækkun á viðmiðunarfjárhæðinni þannig að bæturnar hækka um 25% til viðbótar við 5,7% sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2009, eða samtals um 32% frá því sem gildi við síðustu álagningu á árinu 2008. Þessi breyting er einn liður í því að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu heimilanna í landinu og því jákvæð aðgerð að mati BSRB. Þetta er þó einungis eitt skref af mörgum sem þarf að stíga til að koma í veg fyrir fjárhagslegt hrun fjölda heimila vegna misgengis undanfarinna missera. BSRB styður frumvarpið.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Þónsdóttir
Helga Þónsdóttir
framkvæmdastjóri

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

*Alþingi
Erindi nr. P 136/134/
komudagur 19.3.2009*

410. mál

Félag eldri borgara í Reykjavík (FEB) lýsir yfir stuðningi sínum og ánægju með framkomið frumvarp um breytingar á lögum sem snerta viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta og gera ráð fyrir hækkun á hámarksupphæð greiddra vaxta og vaxtabóta. Beðist er veivirðingar á því að umsögn þessi berst ekki fyrir en sólarhring eftir að frestur rann út.

F.h. FEB,

Sigurður Einarsson

framkvæmdastjóri

Félags eldri borgara

í Reykjavík og nágrenni



30.3.2009

Fjármálaráðuneytið.

Alþingi
Erindi nr. p 136/1501
komudagur 30.3.2009

Tillögur að breytingum

á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,
með síðari breytingum, sbr. þingskjal 695 – 410. mál.

1. brtt.

Í stað 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum vera 7,5% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfrjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 294.433, 378.663, 486.908 og 1.073 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

Athugasemdir við breytingartillöguna.

Í tillögunum er gert ráð fyrir tvennskonar breytingum á fyrra frumvarpi. Annars vegar er lagt til að viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni hækki úr 6% í 7,5%. Hins vegar er lögð til frekari hækkun á hámarksvaxtabótum, eða um 55% í stað 25% eins og ráð var fyrir gert í fyrirliggjandi frumvarpi. Samanlagt munu þessar breytingar ekki hafa í för með sér viðbótarútgjöld í formi vaxtabóta fyrir ríkissjóð, heldur er þeim ætlað að gera breytingarnar markvissari, þannig að viðbótarvaxtabætur skili sér fyrst og fremst til tekjulægri fjölskyldna.

Fjármálaáskjaluneytið
20.3. '09

Alþingi
Erindi nr. P 136/1418
komudagur 20.3.2009

Tillögur að breytingum

á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,
með síðari breytingum, sbr. þingskjal 695 – 410. mál.

1. brtt.

1. gr. frumvarpsins orðast svo:


Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum vera 7,5% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 294.433, 378.663, 486.908 og 1.073 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

Athugasemdir við breytingartillöguna.


Í tillögunum er gert ráð fyrir tvennskonar breytingum á fyrra frumvarpi. Annars vegar er lagt til að viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni hækki úr 6% í 7,5%. Hins vegar er lögð til frekari hækkun á hámarksvaxtabótum, eða um 55% í stað 25% eins og ráð var fyrir gert í fyrirliggjandi frumvarpi. Samanlagt munu þessar breytingar ekki hafa í för með sér viðbótarútgjöld í formi vaxtabóta fyrir ríkissjóð, heldur er þeim ætlað að gera breytingarnar markvissari, þannig að viðbótarvaxtabætur skili sér fyrst og fremst til tekjulægri fjölskyldna.

Interest rebate as a percentage of interest costs for rebate beneficiaries



number - right hand scale — with extraordinary rebate — previous system

Interest rebate as a percentage of interest costs for rebate beneficiaries



number - right hand scale — with extraordinary rebate — Fyrir breytingu

Alþingi
Erindi nr. P 136/1417
komudagur 23.3.2009

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Tekju- og lagaskrifstofa

Mars 2009

Kennitölur vaxtabótakerfisins

	Einhleypir	Einstæðir	Hjón
Hámarksvaxtabætur, krónur:			
Fyrir breytingu	189.957	244.299	314.134
Eftir breytingu (1)	237.446	305.374	392.668
Eftir breytingu (2)	294.433	378.663	486.908
Hámarksvaxtagjöld, krónur			
Fyrir breytingu	554.364	727.762	901.158
Eftir breytingu	692.955	909.703	1.126.448
Hámark vaxtagjalda, 5% af sk.			
Skerðing 6% af tekjum, hámark			
Fyrir breytingu	9.239.400	12.129.367	15.019.300
Eftir breytingu	11.549.250	15.161.708	18.774.125
Skerðing 7,5% af tekjum, hámark			
Fyrir breytingu	9.239.400	12.129.367	15.019.300
Eftir breytingu	9.239.400	12.129.367	15.019.300
Nettóeign í árslok 2008:			
Lágmark	7.119.124	7.119.124	11.390.599
Hámark	11.390.599	11.390.599	18.224.958

Dæmi um ákvörðun vaxtabóta fyrir og eftir breytingu (2)

	Dæmi 1			Dæmi 2		
	Einstaklingur	Einstætt foreldri	Hjón	Einstaklingur	Einstætt foreldri	Hjón
Aætlaðar vaxtabætur, krónur:						
- Fyrir breytingu	189.957	244.299	314.134	142.359	244.299	260.357
- Eftir breytingu (2)	294.433	378.134	486.908	167.900	317.511	370.916
- Viðbótarvaxtabætur	104.476	133.835	172.774	25.541	73.212	110.559
- Sem % af vaxtagjöldum	15,5	17,3	14,4	3,8	9,4	9,2
Forsendur:	Krónur	Krónur	Krónur	Krónur	Krónur	Krónur
Íbúðarskuldir í árslok 2008	13.000.000	15.000.000	23.000.000	13.000.000	15.000.000	23.000.000
Tekjur á árinu 2008	5.000.000	5.000.000	8.000.000	5.000.000	5.000.000	8.000.000
Greidd vaxtagjöld 2008	675.000	775.000	1.200.000	675.000	775.000	1.200.000
Eignir - skuldir í árslok 2008	7.000.000	6.000.000	11.000.000	9.000.000	8.000.000	14.000.000
Vextir sem hlutfall af skuldum, %	5,2	5,2	5,2	5,2	5,2	5,2
Hámarksvextir fyrir breytingu	554.364	727.762	901.158	554.364	727.762	901.158
Vaxtagjöld - tekjuskerðing = stofn til vaxtabóta	254.364	427.762	421.158	254.364	427.762	421.158
Hámarksvextir eftir breytingu	692.955	909.703	1.126.448	692.955	909.703	1.126.448
Vaxtagjöld - tekjuskerðing = stofn til vaxtabóta	300.000	400.000	600.000	300.000	400.000	600.000
Skerðingarhlutfall vaxtabóta vegna nettóeignar	0	0	0	44,0	20,6	38,2

Áhrif breytinga á vaxtabótum eftir tekjubílum
Árstölur 2008, kr.

Tekjur	Stofn til vaxtabóta			Vaxtabætur			Áhrif á vaxtabætur	
	Núver. kerfi	Hjón Frv. 1	Frv. 2	Núver. kerfi	Hjón Frv. 1	Frv. 2	Frv. 1	Frv. 2
3.000.000	721.158	920.000	875.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
3.500.000	691.158	890.000	837.500	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
4.000.000	661.158	860.000	800.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
5.000.000	601.158	800.000	725.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
6.000.000	541.158	740.000	650.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
7.000.000	481.158	680.000	575.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
8.000.000	421.158	620.000	500.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
9.000.000	361.158	560.000	425.000	314.134	392.668	425.000	78.534	110.866
10.000.000	301.158	500.000	350.000	301.158	392.668	350.000	91.510	48.842
11.000.000	241.158	440.000	275.000	241.158	392.668	275.000	151.510	33.842
12.000.000	181.158	380.000	200.000	181.158	380.000	200.000	198.842	18.842
13.000.000	121.158	320.000	125.000	121.158	320.000	125.000	198.842	3.842
14.000.000	61.158	260.000	50.000	61.158	260.000	50.000	198.842	-11.158
15.000.000	1.158	200.000	0	1.158	200.000	0	198.842	-1.158
16.000.000	0	140.000	0	0	140.000	0	140.000	0

Forsendur:

Íbúðarskuldir í árslok	22.000.000	22.000.000	22.000.000
Greidd vaxtagjöld	1.100.000	1.100.000	1.100.000
Nettóeign í árslok	11.000.000	11.000.000	11.000.000
Hámarksvaxtagjöld	901.158	1.126.448	1.126.448
Hámarksvaxtabætur	314.134	392.668	486.908

Alþingi
Erindi nr. P 136/1469
komudagur 25.3.2009



Reykjavík, 18. mars 2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/1293
komudagur 18. 3. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Hagsmunasamtök heimilanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (þskj. 695 – 410 mál).

Almennt:

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) fagna að sjálfsögðu þessu frumvarpi um hækkun viðmiðunar- fjárhæðar vaxtabóta. Samtökin telja þó að þessi hækkun á viðmiðunar- fjárhæðum vaxtabóta gangi ekki nóg langt í ljósi þess að 42% heimila eru þegar komin með mjög slæma eiginfjárstæðu, eða 20% með neikvæða eiginfjárstæðu og 22% með afar takmarkaða jákvæða eiginfjárstæðu, á sama tíma og greiðslubyrði heimilanna vegna íbúðalána hefur farið stöðugt hækkandi vegna gengisþróunar og verðbólguþróunar síðustu mánaða. Því er í raun fyrst og fremst um að ræða sárabót sem ekki mun bjarga heimilum frá stórfelldri eignaupptöku. Í einfaldri mynd þýðir þetta vaxtabætur upp á að meðaltali (m.v. jafna dreifingu milli 80 þ. heimila) um kr. 25.000,- fyrir hvert heimili í landinu.

Samtökin vilja því hér með ítreka kröfur samtakanna um leiðréttingu á hækkunum á höfuðstól lána vegna hvoru tveggja gengis- og verðtryggðra íbúðalána. Vakin er jafnframt athygli á því að stjórnvöld hafa þegar gripið til ráðstafana til að verja sumar eignir landsmanna. Þar má helst nefna eignir á peningamarkaðssjóðum og innstæður á bankareikningum umfram skylduábyrgð stjórnvalda.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja enn og aftur leggja áherslu á að ríkisstjórnin þarf að upplýsa um það hvernig þau áforma að leiðrétta vandann vegna gengistryggðu lánanna og jafnframt hvernig þau áforma að leiðrétta verðtryggðu lánin.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka að bráðaaðgerðir stjórnvalda verða að fela í sér:

- Almennar leiðréttingar á gengis- og verðtryggðum lánum heimilanna.
- Afnám verðtryggingar.
- Jöfnun á áhættu milli lánveitenda og lántakenda.
- Að veð takmarkist við þá eign sem sett er að veði.
- Samfélagslega ábyrgð lánveitenda og fjármagnseigenda

Kröfur samtakanna um bráðaaðgerðir vegna stöðu heimilanna í landinu eru enn eftirfarandi:

Aðgerð #1: Leiðrétting á gengistryggðum íbúðalánnum (framkvæmt samtímis aðgerð #2)

Lýsing: Boðið verði upp á að gengistryggð íbúðalán verði umreiknuð sem verðtryggð krónulán frá lántökudegi hvers lántakanda.

Aðgerð #2: Leiðrétting á verðtryggðum íbúðarlánnum (framkvæmt samtímis aðgerð #1)

Lýsing: Verðbótapáttur, frá og með 1. janúar 2008, takmarkist við efri mörk verðbólgu- markmiðs Seðlabanka Íslands, eða að hámarki 4%. Aðgerð þessi verði fyrsta skrefið sem stigið verður til afnáms verðtryggingar.



Engar breytingatillögur á frumvarpi til laga um tekjuskatt, þskj. 695 – 410 mál.

Í ljósi þess að stöðugt fleiri fjármálafyrirtæki óska eftir því að þeim sé „bjargað“ (eigendum þeirra var samt greiddur tugmilljóna arður fyrir innan við ári síðan) er fyrirsjáanlegt að stjórnvöld muni enn og aftur verja tugum ef ekki hundruðum milljarða af almannafé í að bjarga fjármálafyrirtækjum í landinu. Athygli er því vakin á því hér að á sama tíma og hundruðum milljarða er varið í að verja fjármálastofnanir í landinu er aðeins áformað að verja tveimur milljörðum í að verja heimilin og er sú aðgerð jafnframt fjármögnuð með sköttum sem heimilin bera sjálf, þ.e.a.s. með sköttum á útgreiddan séreignarsparnað.

F.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Arney Einarsson

Marinó G. Njálsson



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/1304
komudagur 19.3.2009

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	18. mars 2009	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar, dags. 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (hærri vaxtabætur), 410. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Erinn Þreos

Lárus Ögm.

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2009 02-2009030272
T-ums 13/09


**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,
með síðari breytingum - 410. mál, þskj. 695.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 13. mars 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er veittur kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - 410. mál, þskj. 695.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á 68. gr. B í lögum um tekjuskatt í þá átt að hámarksvaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta og hámarks vaxtabætur hækki um 25%.


Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins enda er um pólitíska ákvörðun að ræða.

Virðingarfyllst


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorðarson

Alþingi
Erindi nr. P 136/1339
komudagur 19.3.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18.03.2009

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, 410. mál

Með frumvarpinu er lagt til að hámark viðmiðunarfjárhæðar greiddra vaxta og vaxtabóta verði hækkað um 25% til viðbótar við 5,7% hækkun sem ákveðin var við gerð fjárlaga 2009.

Samtök atvinnulífsins benda á að umrædd lagabreyting er mjög kostnaðarsöm, sbr. umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu, þar sem fram kemur að áætlaður kostnaður ræmur rúmum tveimur milljörðum króna sem og að ekki er gert ráð fyrir þessum aukaútgjöldum í fjárlögum fyrir árið 2009.

Markmið lagabreytingarinnar er að auðvelda heimilum að mæta aukinni greiðslubyrði af húsnæðislánnum í kjölfar hruns bankakerfisins. Samtök atvinnulífsins telja þó að svo almenn og mikil umframhækkun vaxtabóta sé ekki nauðsynleg. Verðbólga fer nú lækkandi og verðhækkningar hafa ekki reynst meiri en gera mátti ráð fyrir við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2009. Unnið er að því eftir öðrum leiðum að létta greiðslubyrði heimila af lánnum. Erfiðust er staða þeirra sem tekið hafa gengisbundin lán. Sá hópur er þó sem betur fer í miklum minnihluta meðal lántakenda. Er því ekki viðeigandi að mæta þeim vanda með svo almennri og mikilli umframhækkun vaxtabóta sem frumvarpið felur í sér.

Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/1303
komudagur 19.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (410. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að viðmiðunarjánhæðir vaxtabóta verði tímabundið hækkaðar.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs